



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Uppistand og tjáning

ÍSL2UT05

Kennsluáætlun – haustönn 2015

Kennari áfangans:

Rósa Marta Guðnadóttir (RMG)

Áfangalýsing

Nemendur eru þjálfaðir í að semja efni til flutnings og koma því á framfæri. Áhersla er lögð á skapandi skrif, frumkvæði, skýra og blæbrigðaríka framsögn.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu einkennum íslensks talmáls sem nýtast í ræðu og riti
- muninum á góðum og slæmum rökum
- helstu stílbrögðum

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun
- koma skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nota stílbrögð á árangursríkan hátt
- flytja af nokkru öryggi eigið efni; uppistand, ræður, endursagnir, lýsingar og kynningar á tilteknu efni

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- flytja eigið uppistand
- ná athygli áheyrenda og halda henni
- beita skýru og blæbrigðaríku máli
- koma sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri á áhrifaríkan hátt

Kennslugögn

- Gögn frá kennara og efni sem nemendur afla sér.
- Valdar ræður
- Horfa á uppistand
- Fyrirlestrar á Ted Talks

Bækur til stuðnings

Arnesen og Hegeseth: *Þú hefur orðið.*

Hilde Helgason, Margrét Pálsdóttir og Sverrir Páll Erlendsson: *Orð í belg.*

Margrét Pálsdóttir: *Talað mál.*

Kröfur og verkefnaskil

- Þar sem áfanginn er nýr verður hann hannaður að einhverju leyti í samstarfi við nemendur. Ætlast er til að nemendur undirbúi sig vel fyrir tímuna með lestri og verkefnum sem lögð eru fyrir hverju sinni. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi; verkefnum og undirbúningi. Afar mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum og stundi námið vel. Nemendur lesa eina skáldsögu sem þeir kynna.
- Geti nemendur ekki einhverra hluta vegna mætt í kennslustund bera þeir sjálfir ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám og verkefnaskil. Slíkt má yfirleitt sjá á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara. Nemandi sem missir af verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir að skila því þegar hann mætir á ný.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Ekki verður tekið við verkefnum eftir að skilafrestur rennur út nema samið hafi verið um slíkt og sérstakar ástæður komi til.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt og skila ekki verkefnum sem aðrir hafa unnið. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar.

Námsmat

Annareinkunn:

Mæting og virkni í tímum	15%
Vangaveltubók	15%
Lokaverkefni	25%
Próf og önnur verkefni	45%

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni (sjá nánari skilgreiningu á Moodle)

Vika	Viðfangsefni	Helstu verkefni og próf í símati
19.-21. ágúst	Kynning á áfanga: Kjörbók, vangaveltubók, ýmis verkefni og vinnubrögð áfangans.	Hugleiðingar í vangaveltubók.
24.-28. ágúst	Stílblögð og framsögn. Orðaforði og málsnið.	Hugleiðingar í vangaveltubók. Hvað er uppistand? Viðtal
31. ágúst – 4. september	Líkamsstaða, upplit, raddbeiting og áherslur. Ræðumaður eða skemmtikraftur valinn og aðferðir hans krufnar.	Ýmsar æfingar. Hugleiðingar í vangaveltubók.
7. – 11. september	Bygging og mælskubrögð	Verkefnaskil: Kynning á ræðumanni/skemmtikrafti Hugleiðingar í vangaveltubók.
14. – 18. September	Húmor. Hvað er fyndi? Kynslóðabil? Hvernig er best að segja hlutina?	Hugleiðingar í vangaveltubók.
21. – 25. september	Hvernig má ná eyrum manna?	Verkefnaskil Hugsjón fylgt úr hlaði. Hugleiðingar í vangaveltubók.
28. september – 2. október	Ræður: Mismunadi form; tækifærisræða, rökræða, uppistand	Hugleiðingar í vangaveltubók.

5. – 9. Október MIÐANNAMAT	Ræður lesnar og skoðar	Ræða samin og flutt Hugleiðingar í vangaveltubók.
12. – 15. Október Hausfrí 16.-19.okt.	Fræðsluerindi	Hugleiðingar í vangaveltubók.
20. – 23. október		Verkefnaskil Hugleiðingar í vangaveltubók.
26. -30. október	Efst á baugi. Uppistand Hvað er um að vera í samfélaginu	Hugleiðingar í vangaveltubók.
2. – 6. nóvember		Verkefnaskil Hugleiðingar í vangaveltubók
9. – 13. nóvember	Kjörbók	Kjörbók kynnt. Hugleiðingar í vangaveltubók
16. – 20. nóvember	Lokaverkefni	Hugleiðingar í vangaveltubók
23. – 27. nóvember	Lokaverkefni.	Hugleiðingar í vangaveltubók
30. nóvember – 4. desember	Lokavinna og uppsóp.	

Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf!

Rósa Marta Guðnadóttir
rosamarta55@gmail.com